

Reykjavík, 16. júní 2021
R21060145
1360
ívs

Forsætisnefnd

Tillaga Báru Katrínar Jóhannsdóttur, fulltrúa ungmannaráðs Árbæjar og Holta um að stytta afgreiðslutíma þeirra tillagna sem ungmenni leggja fram á árlegum borgarstjórnarfundi og að upplýsingar um úrvinnsluferlið verði aðgengilegar

Á fundi borgarstjórnar og Reykjavíkurráðs ungmenna þann 11. júní 2021 var lögð fram svohljóðandi tillaga Báru Katrínar Jóhannsdóttur frá ungmannaráði Árbæjar og Holta:

Lagt er til að borgarstjórn feli skrifstofu borgarstjórnar að finna leiðir til að stytta afgreiðslutíma þeirra tillagna sem ungmenni leggja fyrir á árlegum fundi með borgarstjórn og að upplýsingar um úrvinnsluferlið verði gerðar aðgengilegar. Lagt er til að úrbætur verði kynntar eigi síðar en í janúar 2022.

Greinargerð:

Það getur tekið ráð og nefndir Reykjavíkurborgar langan tíma að afgreiða og vinna með þær tillögur sem til þeirra er vísað í framhaldi af fundi ungmenna með borgarstjórn. Það er mikilvægt að ungmenni upplifí að á þau sé hlustað og að einfalt sé að leita upplýsinga um stöðu tillagna. Því er lagt til að leitað verði leiða til að stytta ferlið, að upplýsingar um stöðu og úrvinnslu tillagna verði aðgengilegar á vef Reykjavíkurborgar og að þær séu uppfærðar reglulega.

Samþykkt var að vísa tillöggunni til meðferðar forsætisnefndar.

Athygli er vakin á því að tillagan var ekki samþykkt á fundinum og fara skal með hana á sama hátt og önnur mál sem koma til meðferðar af fundi borgarstjórnar. Í því felst að hana ber að leggja fram, taka hana til meðferðar og afgreiða eins skjótt og unnt er. Boða skal fulltrúa úr Reykjavíkurráðinu á fund ráðsins til að kynna efni tillögunnar.

Lögð er áhersla á það að tillagan fái formlega afgreiðslu á vettvangi ráðsins.

Óskað er eftir því að forsætisnefnd verði upplýst reglulega um framvindu málsins og um

endanlega afgreiðslu tillögunnar. Afrit af þeim bréfum ber að senda á tengilið Reykjavíkurráðs ungmenna, Huldu Valdís Valdimarsdóttur, verkefnastjóra á skóla- og frístundasviði.

Stöðufundur með fullrúum Reykjavíkurráðsins verður haldinn á haustmánuðum. Þar verður farið yfir afgreiðslur tillagna af sameiginlegum fundi borgarstjórnar með Reykjavíkurráðinu. Er mælst til þess að tillagan verði afgreidd af forsætisnefnd fyrir þann tíma.

Helga Björk Laxdal
e.u.